

260. fundur hreppsnefndar 8. febrúar 2007.

**260. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn  
fimmtudaginn 8. febrúar 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 258. fundar hreppsnefndar 11. janúar 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð 259. fundar hreppsnefndar 30. janúar 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Tilnefning í starfshóp vegna svæðisskipulags og framtíðarsýnar fyrir Vestfirði. Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 2. febrúar 2007 í hverju kemur fram að stjórn FV var falið að óska eftir tilnefningum í starfshópinn. Samþykkt að Sveinn Ragnarsson taki sæti í starfshópnum.
2. Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn. Samþykkt.
3. Ósk Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sbr. bréf þeirra dags. 22. janúar 2007 um umsögn um drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum og jafnframt er óskað umsagnar um drög að reglugerð um smásölu tóbaks. Ákveðið að veita ekki umsögn.
4. Könnun á starfsemi leikskóla. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu dags. 23. janúar 2007 þar sem óskað er eftir skriflegum skýringum frá sveitarstjórninni með upplýsingum um hvort skólanámskrá og/eða opinber uppeldisstefna eru fyrirbyggjandi og ef ekki, þá hvers vegna og hvenær verði úr því bætt. Sveitarstjóra og formanni mennta- og menningarmálanefndar falið að svara bréfinu.
5. Bréf frá SAMAN-hópnum dags. 25. janúar 2007 með beiðni um fjárstuðning. Samþykkt að styrkja verkefnið með sömu upphæð per íbúa og önnur sveitarfélög gera.
6. Tilnefning í samvinnunefnd um svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandasýslu. Sveitarstjórnin þarf að tilnefnda tvo menn í samvinnunefndina. Samþykkt að tilnefna Gústaf Jökul Ólafsson og Svein Ragnarsson í nefndina.

Til kynningar:

1. Drög að samstarfssamningi sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Kynnt.

Önnur mál:

1. Bréf frá Leifi Samúelssyni með fyrirspurn um tilhögun snjómoksturs og hálkuvana á afleggjara að Djúpadal og beiðni um að Reykhólahreppur vinni í því að núverandi vegur um Hjallaháls og Ódrjúgsháls verði haldið opnum. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

2. Tillaga að sérsamningum vegan sorpeyðingu.  
Sveitarstjóra og Agli Sigurgeirssyni falið að koma þessu í framkvæmd eins og rætt var á fundinum.
3. Bréf til Landbúnaðarráðuneytisins varðandi réttindi á Reykhólum.  
Lagt fram til kynningar.
4. Skýrsla um fund sveitarstóra og oddvita með forystumönnum sveitarfélaga á Vestfjörðum og ráðherrum. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)